

Alþingi
Erindi nr. P 135/2946
komudagur 23.5.2008



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Reykjavík 13. maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra fagnar þingsályktunartillögu félags- og tryggingamálanefndar Alþingis um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og telur mikla þörf fyrir fræðslu er lýtur að þessum málaflokki. Æskilegt er að áætlunin verði unnin í samvinnu við skólana og mikilvægt að móta verkferla innan skólanna varðandi móttöku og stuðning við innflytjendur. Þess er vert að geta að landssamtökin eru að vinna að upplýsingabæklingi fyrir foreldra nýrra Íslendinga í grunnskólum og fyrirhuguð er vinna að gerð frekara fræðsluefnis fyrir foreldra nýrra Íslendinga.

Virðingarfyllst,

Björk Einisdóttir
framkvæmdastjóri

Sjöfn Þórðardóttir
formaður